

Framtíðarskólinn

Ég heiti Núi Mar Jónsson og ávarpa ég ykkur fyrir hönd ungmennaráðs Suðurlands. Ég vil byrja á að þakka kærlega fyrir að fá að hafa erindi hér í dag um hugmyndir og sýn ungmenna um framtíðarskólann

Nú eru ef til vill margir að spyrja sig, hvað eru ungmennaráð? Hvað þá ungmennaráð Suðurlands? Ungmennaráð eru sem sagt formleg ráð ungs fólks sem tjáir sig sem fulltrúar ungmenna í samfélaginu. Ungmennaráð eru yfirleitt stofnuð innan samtaka eða í tengslum við hið opinbera. Ein tegund ungmennráða er ungmennráð sveitarfélaga. Helsta starf þess er að koma skoðunum sínum sem varðar sveitarfélagið á framfæri, auk þess vera vettvangur þar sem ungmenni geta haft áhrif á þau málefni sem þau telja mikilvæg. Ungmennaráð eru skipuð fjölbreyttum einstaklingum sem er mikilvægt svo að rödd allra hópa innan sveitarfélagsins fái tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri.

Hvað er þá ungmennaráð suðurlands? Ungmennaráð Suðurlands er skipað af fulltúrum frá ungmennaráðum frá sveitarfélögum á Suðurlandi. Hvert ungmennaráð skipar einn fulltrúa og einn til vara til að sitja í ráðinu. Verður þá ungmennaráðið skipað af fjölbreyttum einstaklingum sem hafa ólíkan bakgrunn. Þannig verður ungmennráð Suðurlands að eins konar tré eða regnhlíf yfir ungmennaráðin í umdæminu.

Hlutverk ungmennráðs Suðurlands er margþætt. Við höldum vor og haustfundi þar sem rætt eru málefni og verkefni líðandi stunda. Eitt af fyrstu verkefnum ungmennaráðsins var að kynna Handbók ungmennráða fyrir sveitarstjórnnum á Suðurlandi. Í Handbókinni eru allar þær upplýsingar sem þarf til að stofna og móta ungmennráð. Kemur handbókin bæði inná hlutverk sveitarfélagsins gagnvart ráðinu og hlutverk meðlima innan ráðsins.

Næsta verkefni sem við erum að taka að okkur er ráðstefnu næsta haust. Ákvörðun var tekin á síðasta fundi að við tökum við keflinu frá ungmennaráði Árborgar, sem hefur verið að halda tvær síðustu ráðstefnur. Er hugmyndin sú að við höldum ráðstefnur annað hvert ár, einhver staðar á Suðurlandi og mun það ungmennaráð sem er þar staðsett vera þáttakendur í skipulaggingu á þeirri ráðstefnu. Lögð verður áhersla á eitthvað sérstakt málefni á hverri ráðstefnu, hverju sinni. Við viljum að málefni ráðstefnanna verði sértækt og markmiðið er að hafa niðurstöðuna frá ráðstefnunum mælanlegar, þannig að við getum séð nákvæmlega hvernig gekk. Með þessu erum við ekki einungis að búa til hefð fyrir ráðstefnum, fyrir

ungmenni til að hafa áhrif á stjórnvöld, heldur líka að virkja, styrkja og efla staðbundin ungmennaráð.

Einnig hefur okkur verið sýnt það traust að taka þátt í nefndum á vegum Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga. Eins og staðan er í dag fáum að taka þátt í einum starfshóp og einni nefnd, heimavist fyrir fjölbrautaskóla Suðurlands annarsvegar og samgöngunefndina hinsvegar. Tel ég þetta stórt skref í að virkja ráðið ennfrekar og á sama tíma víkka sjóndeildarhringinn í nefndunum. Það kemur nefnilega mörgum á óvart hversu málefnanleg og áhugasöm ungmenni er um samfélagsmál, þau vilja taka þátt og vilja hjálpa samfélaginu að taka góðar og skynsamlegar ákvarðanir.

Á síðasta fundi ræddum við um framtíðarskólann. Hvernig hann myndi vera og hvað þyrfti að gera til efla hann enn frekar. Ekki getum við frekar en einhver annar spáð því hvernig framtíðarskólinn verði nákvæmlega en við létum slag standa og lögðum höfuð okkar og í hugi í bleyti. Þegar við fórum að velta því fyrir okkur hvernig við vildum að framtíðarskólakerfið yrði háttað, út frá okkar sjónarhorni, kom í ljós hversu samstíga hugmyndir okkar voru, þótt þetta ráð sem samanstendur af mörgum ungmönnum þar sem aldursbilið er breitt, menntunarstigið fjölbreytt og öll komum við frá mismunandi sveitarfélögum var alveg augljóst hvað ungmenni vildu sjá breytt í skólaumhverfinu.

Ungmennaráð Suðurlands vildi sjá meiri áherslu á að miða grunnskólakennslu við getu hvers einstaklings heldur enn aldri. Þannig að nemendur eigi auðveldar með að taka áfanga fyrir ofan sig ef þeir hafa getu til þess. Nemendur á elstu stigum grunnskólans eiga að hafa tækifæri til að spreyta sér á framhaldskólaáföngum og á að meta það eftir getu hvers nemenda en ekki í hvaða skóla sá einstaklingur gengur í.

Við viljum að skólarnir leggi meiri áherslu á undirbúning fyrir lífið sem er fram undan. Auka kennslu í tengslum við fjármálalæsi, tækni- og verknám, gagnrýna hugsun og almenna samfélagskunnáttu eða lífsfærni, eins og við viljum kalla það. Þetta eru lífsnauðsynleg tæki í áframhaldandi námi og í lífinu almennt. Auka þarf valfög í elstu stigum grunnskólans sem geta hjálpað nemendum að fíkra sig áfram hvar áhugasvið þeirra liggur. Því við erum jafnólík eins og við erum mörg.

Í framhaldsskólum viljum við leggja meiri áherslu á stuðning við nemendur. Aukið þunglyndi ungmenna og aukið brottfall nemenda er mikið áhyggjuefni. Það er augljóst að við höfum

verið að gera eitthvað vitlaust og þar viljum við sjá breytingu sem allra fyrst. Því er ekki markmið samfélagsins og þar sérstaklega menntakerfisins að efla alla einstaklinga í samfélaginu. Að allir geti orðið virkir samfélagsþegnar.

Þegar við förum að móta framtíðarskólakerfið tel ég gríðalega mikilvægt að hlusta sé á ungmennin í landinu. Það væri yfir höfuð ekkert skólakerfi án þeirra. Skólinn er einn af mörgum og ef ekki mikilvægasti félagsmótunaraðili hvers einstaklings og þess vegna þurfum við að vanda vel til verka til að bæta og efla menntakerfið okkar. Að fara að fíkta eitthvað í kerfinu án þess að hafa heyrt allar hliðar sem mögulega eru til á málefnum og kanna allar hættur til hins ýtrasta getur hreinlega verið stórhættulegt. Skólinn hefur gríðalega mikil áhrif í samfélaginu sem ef til vill við flestir vanmetum. Vanmeta þau áhrif sem skólinn hefur á okkur sem einstaklinga. Í fyrsta lagi göngum við flest í gegnum skólakerfið stóran hluta ævi okkar. Í öðru lagi mótast skólinn hugsunarhátt okkar á samfélagið og lífinu almennt og síðan fylgjumst við með börnunum okkar ganga í gengum það. Þess vegna þarf að vanda vel til verka.

Það er eitthvað mikið bogið við þá hugsun að fara taka ákvörðun um framtíðarskólakerfið, sem snertir ungmenni alls staðar á Íslandi beint án þess að hlusta sé á þeirra sjónarmið fyrst. Þess vegna fagna ég og þakka kærlega fyrir að fá að koma hér í dag og segja ykkur stuttlega frá hugmyndum og sýn ungmenna á framtíðarskólann. Ég er handviss um að ef nemendur fá að koma meira að borðinu við skipulagningu á skólakerfinu getum við ef til vill í sameiningu leyst ýmsan vanda sem er að hrjá ungmenni í dag.

Takk kærlega fyrir mig